

Sorpa bs.

Ár 2017, föstudaginn 5. maí, var haldinn 374. fundur stjórnar Sorpu bs. á skrifstofu byggðasamlagsins og hófst hann kl.07:30. Mættir: Halldór Auðar Svansson, Kolbrún G. Þorsteinsdóttir, Guðmundur Geirdal, Sturla Þorsteinsson, Bjarni Torfi Álfþórsson og Rósa Guðbjartsdóttir. Framkvæmdastjóri Björn H. Halldórsson, yfirverkfræðingur Bjarni Hjarðar og Guðrún Eva Jóhannesdóttir skrifstofustjóri. Gestir fundarins undir lið 3 voru Ólafur Kristinsson og Inga Björk Hjaltadóttir frá endurskoðunarnefnd SORPU og Jón Sigurðsson frá pwc. Undir lið 5 var gestur fundarins Helgi Helgason frá KPMG. Fundarritari var Guðrún Eva Jóhannesdóttir.

Tekið fyrir:

1. Grænt bókhald fyrir árið 2016.
Framkvæmdastjóri leggur fram og kynnir niðurstöður græns bókhalds fyrir árið 2016. Stjórn staðfestir bókhaldið og undirritar.
2. Samanburður á rekstri og áætlun fyrstu 3 mánuði ársins 2017.
Framkvæmdastjóri kynnir samanburð rekstrar og áætlunar fyrstu þrjá mánuði ársins 2017. Magn heldur áfram að aukast frá síðasta ári og er magnaukningin veruleg. Magnaukning á endurvinnslustöðvum er 12,7%, í móttökustöð 13,6% og 15,9% í Álfsnesi. Rekstur endurvinnslustöðvanna er á áætlun.
3. Innri endurskoðun.
Kynntar niðurstöður innra eftirlits/endurskoðunar fyrir árið 2016. Jafnframt var lagt fram bréf endurskoðunarnefndar SORPU. Málið rætt.
4. Tillaga endurskoðunarnefndar Reykjavíkurborgar um verklag um upplýsingagjöf
Lögð fram og kynnt tillaga endurskoðunarnefndar Reykjavíkurborgar um verklag um upplýsingagjöf. Stjórn samþykkir tillöguna.
5. Úttekt á gjaldskrá SORPU
Kynnt úttekt KPMG á gjaldskrá SORPU bs. Málið rætt.
6. Tilraunaverkefni um plastsöfnun á Seltjarnarnesi
Frestað til næsta fundar.
7. Greinargerð um söfnun plasts
Frestað til næsta fundar.
8. Gjaldskrá í Álfsnesi – fituríkur úrgangur
Framkvæmdastjóri og yfirverkfræðingur kynna tillögu um breytingu á gjaldskrá í Álfsnesi fyrir fituríkan úrgang sem hentað getur til lífdísilframleiðslu. Lagt er til að stofnað verði nýtt vörunúmer fyrir fituríkan úrgang sem hentar til lífdísilframleiðslu:

Vörunúmer	Lýsing	kr/ kg án vsk.	kr/kg með vsk
12141 – Fituríkur sláturúrgangur í lausu	Slátur- og dýraleifar í 3. áhættuflokk skv. reglugerð nr. 395/2012, fituinnihald > 20%	9,03	11,19

Í flokkinn fer sláturúrgangur og dýraleifar í 3. áhættuflokki skv. reglugerð nr. 395/2012. Hér er átt við allan sláturúrgang af heilbrigðum dýrum sem og bein og aðrar dýraleifar frá kjötvinnslum, mótuneytum, eldhúsum o.fl. Dúnn og fiður mega ekki fara í þennan flokk. Úrgangur skal afhentur í lausu. Farmar skulu innihalda að lágmarki 20% fitu og mega ekki innihalda neina aðskotahluti.

Stjórn samþykkir ofangreinda tillögu og tekur breytingin gildi 1. júní nk.

9. Gjaldskrá Endurvinnslustöðva – álagsgjald og innheimta
Framkvæmdastjóri leggur fram minnisblað um breytingu á gjaldskrá endurvinnslustöðva og kynnir jafnframt minnisblað rekstrarstjóra endurvinnslustöðvanna um sama málefni. Lagt er til að 10 þúsund kr. álagsgjald sé lagt á þá viðskiptamenn endurvinnslustöðva sem neita að greiða. Málið rætt. Stjórn samþykkir tillöguna.
10. Ósk Sorpstöðvar suðurlands bs. um framlengingu á samningi aðila
Stjórnarformaður greinir frá fundi á vegum eigendavettvangs og stjórnar Sorpstöðvar suðurlands bs. um framtíðarsýn, samstarf og sameiningu. Málið rætt. Stjórn heimilar framkvæmdastjóra að ganga frá samningi við Sorpstöð suðurlands bs. til 15. október 2017 í samræmi við framkomna áætlun Sorpstöðvar suðurlands bs.
11. Skýrsla um lyktarmál í Álfsnesi
Yfirverkfræðingur kynnir skýrslu Resource International um lyktarkvartanir og lyktarbaráttu í Álfsnesi árið 2016. Skýrslan verður send Umhverfisstofnun, Heilbrigðiseftirliti Reykjavíkur og Mosfellsbæ.
12. Næsti fundur
Næsti fundur ákveðinn 12. maí kl. 07:30

Fleira var ekki tekið fyrir.

Fundi slitið kl. 10:00

Halldór Auðar Svansson
Sturla Þorsteinsson
Bjarni Torfi Álfþórsson

Guðmundur Geirdal
Kolbrún G. Þorsteinsdóttir
Rósa Guðbjartsdóttir